



Afrekssjóður íþróttaráðs Kópavogs



1. gr.

Sjóðurinn heitir AFREKSSJÓÐUR íþróttaráðs Kópavogs og er stofnaður af Kópavogsbæ 1999. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjanesi.

2. gr.

Markmið sjóðsins eru:

- a) Að veita afreksíþróttafólki í íþróttafélögum í Kópavogi fjárhagslegan styrk vegna æfinga og/eða keppni, og þannig búa þeim sem besta aðstöðu til að stunda íþrótt sína.
- b) Að veita afreksíþróttafólki í hópíþróttum í íþróttafélögum í Kópavogi sem náð hefur afburðaárangri fjárhagslegan styrk og gera þeim kleift að búa sig enn betur undir áframhaldandi keppni.
- c) Að veita afreksíþróttafólki styrk sem á lögheimili í Kópavogi.
- d) Að veita styrki fyrir unnin afrek á árinu en undir það falla eftirfarandi titlar og met:
 - Titlar; Íslands-, bikar-, norðurlanda-, evrópu-, ólympíu- og heimsmeistaratitlar.
 - Met; Íslands-, norðurlanda-, evrópu-, ólympíu- og heimsmet.
 - Annar árangur.
- e) Að veita árlega styrki og viðurkenningar fyrir unnin afrek í íþróttum jafnt kvenna sem karla.

3. gr.

Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins er skipuð fulltrúum íþróttaráðs. Verkefni stjórnar er að ákvarða styrkveitingar og viðurkenningar fyrir unnin afrek, hafa eftirlit með nýtingu styrkveitinga, og sjá um fjáröflun og kynningarstarfsemi sjóðsins. Starfstími sjóðsstjórnar er kjörtímabilið.

4. gr.

Viðmið styrkveitinga

Við styrkveitingar til afreksíþróttafólks skal taka mið af eftirfarandi:

- a) Árangri á innlendum og erlendum vettvangi.
- b) Markmiðum og áætlunum um æfingar og/eða þátttöku í keppnum innanlands og erlendis.
- c) Unnum titlum í íþróttum á árinu.

Nánari skilgreiningar á viðmiðum koma fram í viðauka með regulgerðinni.

5. gr.

Umsóknir um styrki

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um styrki einu sinni á ári og skulu þær berast á þar til gerðum eyðublöðum.

Umsóknir um styrki:

- (a) Vegna einstaklinga skal umsókn vera í nafni viðkomandi íþróttamanns.
- (b) Vegna hópíþróttu skulu umsóknir vera í nafni viðkomandi íþróttaflokks/-hóps.
- (c) Umsóknir skulu vera staðfestar af formanni deildarinnar/félagsins.
- (d) Umsækjendur skulu ekki vera yngri en 16 ára, nema viðkomandi sé í A-landsliði.

Með umsóknum skulu fylgja:

- I. Áætlanir um æfingar og fyrirhugaða þátttöku í keppnum og markmiðum íþróttamannsins.
- II. Fjárhagsáætlun vegna fyrirhugaðra æfinga og/eða keppna.
- III. Önnur gögn er stjórn sjóðsins kann að telja nauðsynleg.
Stjórn Afrekssjóðs skal svara skriflega öllum umsóknum sem berast.

6. gr.

Greiðsla styrkja

Greiðslur úr afreksmannasjóði eru annars vegar styrkir og hins vegar viðurkenningar fyrir unna titla.

- (a) Styrkir greiðast í tvennu lagi, helmingur þegar ákvörðun liggur fyrir og síðari hluti þegar styrktímabilið er hálfnað að fenginni greingargerð um nýtingu þess hluta sem þegar hefur verið greiddur. Vanræki styrkþegi þessa upplýsingaskyldu eða telji sjóðsstjórnin að styrkurinn hafi ekki verið nýttur í samræmi við framlagðar áætlanir er sjóðsstjórn heimilt að fresta eða víkja frá frekari styrkveitingum
- (b) Viðurkenningar greiðast fyrir unnin afrek á liðnu keppnistímabili.
Styrkupp hæðir miðast við fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.

7. gr.

Skyldur styrkþega

Allir þeir íþróttamenn sem þiggja styrk úr afrekssjóði íþróttaráðs skulu hlíta þeim reglum sem Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands setur um lyfjanotkun og lyfjaeftirlit, svo og þeim almennu siða- og agareglum sem gilda um framkomu íþróttamanna innan vallar sem utan.

8. gr.

Tekjur sjóðsins

Árlegt framlag úr bæjarsjóði Kópavogs samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs.

9. gr.

Gildistími

Reglugerðin er samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs 20. desember 1999 og skal endurskoðuð eigi síðar en árið 2016.